



Fundargerð

180. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, þriðjudaginn 16. des 2014 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. HAUST, sýnataka, skýrsla og fundur
2. Innkomin erindi
3. Ráðhús Fellabæ
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. HAUST, sýnataka, skýrsla og fundur

Framkvæmdastjóri fór yfir framlagða minnispunkta af fundi með HAUST þann 2. desember s.l. Þá var farið yfir framlagðar niðurstöður mælinga og skýrslu frá HAUST.

Samþykkt að óska eftir að fá framkvæmdastjóra HAUST á fund stjórnar eftir áramót til að fara vandlega yfir stöðuna í vatns- og fráveitumálum.

2. Innkomin erindi

Lagðar fram til kynningar fundargerðir af vettvangi Samorku:

- Fagráð fráveitusviðs, fundargerð nr.6.
- Fagráð hitaveitusviðs, fundargerð nr.4.



- Fagráð vatnsveitusviðs, fundargerð nr.4.
- Samorka fundargerð nr. 207 – þar kemur fram kemur að aðalfundur Samorku verður haldinn 20. febrúar 2015. Þar verður fjallað sérstaklega um stöðu flutningskerfi raforku.

3. Ráðhús Fellabæ

Framkvæmdastjóri lagði fram samkomulag um kaup HEF ehf. á eigninni Einhleypingi 1 í Fellabæ sem tæki gildi 2. janúar 2015.

Samþykkt að fresta afgreiðslu þar til á stuttum fundi á milli jóla og nýárs.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra.

- Truflanir hafa verið á þrýstingi á heitu vatni vegna vandamála í örbylgjusambandi.
- Verið að vinna í dælustöð í Votahvammi.
- Verið að vinna að breytingu á Vigor kerfinu vegna væntanlegra vsk breytinga.

5. Önnur mál

- a) Farið yfir minnisblað vegna málsóknar vegna lánasamnings HEF.
- b) Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 30. desember n.k. kl. 12:00.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13:52

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson